

**Ed.**

**804. Frumvarp til laga**

[272. mál]

um breyting á lögum nr. 73, 21. júní 1973, um meðferð opinberra mála.

(Eftir 2. umr. í Ed., 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 546 með þessari breytingu:

4. gr. hljóðar svo:

20. gr. orðist svo:

Ríkissaksóknari fer með ákærvaldið.

Forseti skipar ríkissaksóknara. Hann skal fullnægja lagaskilyrðum til skipunar í dómaraembætti í Hæstarétti. Ríkissaksóknari nýtur sömu launa og annarra lögkjara sem hæstaréttardómarar, eftir því sem við verður komið.

Ríkissaksóknara til aðstoðar eru vararíkissaksóknari, fulltrúar ríkissaksóknara, svo og saksóknarar, sbr. 5. mgr. þessarar greinar. Allir skulu þeir hlíta fyrirmælum ríkissaksóknara í störfum sínum.

Vararíkissaksóknari skal fullnægja sömu skilyrðum og ríkissaksóknari til skipunar í embætti. Forseti skipar vararíkissaksóknara. Vararíkissaksóknari fer með vald ríkissaksóknara í fjarveru eða forföllum ríkissaksóknara eftir nánari ákvörðun hans.

Ef ríkissaksóknari og vararíkissaksóknari anna eigi flutningi mála fyrir dómi auk annarra embættisstarfa, þá getur dómsmálaráðherra ákveðið, að við embætti ríkissaksóknara skuli starfa einn eða tveir saksóknarar.

Saksóknarar skulu fullnægja sömu skilyrðum og ríkissaksóknari til skipunar í embætti. Forseti skipar saksóknara.

Annað starfslið til aðstoðar ríkissaksóknara, þ. á m. fulltrúa með lögfræðiprófi, skipar dómsmálaráðherra með samþykki ríkissaksóknara.

Ríkissaksóknari hefur embættisskrifstofu í Reykjavík.